

Fimmtudaginn 23. október 1997.

Nr. 22/1997.

Robert Salas Roxas

(Ólafur Sigurgeirsson hdl.)

gegn

Íslenska ríkinu

(Jón G. Tómasson hrl.)

Haldlagning. Skaðabætur. Gjafsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 14. janúar 1997 og krefst þess, að stefnda verði gert að greiða sér 724.100 krónur með dráttarvöxtum frá 1. mars 1996 til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en hann hefur notið gjafsóknar á báðum dómstigum.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að dómkröfur áfrýjanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður falli þá niður.

Áfrýjandi fékk í pósti hljóðdeyfi á riffil frá Finnlandi. Í fylgiskjölum með sendingunni var hljóðdeyfirinn sagður vera varahlutur í bifreið. Vegna sendingarinnar var áfrýjandi kallaður fyrir til skýrslugjafar hjá rannsóknardeild ríkislögreglunnar á Keflavíkflugvelli 17. ágúst 1995. Áfrýjandi bar, að hann hefði pantað þennan hlut í því skyni, sem greindi í fylgiskjölum með póstsendingunni. Af þessu tilefni fór lögreglan fram á, að áfrýjandi samþykkti, að húsleit yrði gerð hjá sér, sem hann varð við. Við húsleitina fundust tvær haglabbyssur og fjórir riffilar, sem áfrýjandi hafði tilskilin leyfi fyrir. Hald var lagt á byssurnar og þær færðar til lögreglustöðvar samdægurs, þar sem rannsókn var haldið áfram. Í lögregluskýrslu síðar sama dag viðurkenndi áfrýjandi að hafa pantað hljóðdeyfinn, sem hann ætlaði að nota á einum riffilinum til refaveiða. Í lok skýrslunnar segir:

„Mætta er nú bent á, að hald verði lagt á byssurnar, sem teknar voru á heimili hans, sex að tölu, auk hljóðdeyfisins, skammbyssu-

hulsturs og riffiltösku, – einnig, að lagt yrði hald á byssuleyfi hans, veiðileyfiskort og pappíra varðandi byssuleyfi hans.“

Í hinum áfrýjaða dómi er rakinn eftirleikur þessa.

Fallast ber á með héraðsdómara, að tilefni hafi verið til húsleitar til að leita sönnunargagna vegna grunar um brot á tollalögum, þar á meðal til að kanna, hvort myndust rifflar, sem hljóðdeyfirinn yrði notaður á. Eftir að áfrýjandi hafði viðurkennt brot sitt á tollalögum hjá lögreglunni, var ekki þörf á frekara haldi á byssum hans. Hefðu lögreglumenn því átt að skila honum byssunum. Það var ekki gert, heldur voru byssurnar afhentar herlögreglu varnarliðsins, án þess að séð verði, að þess hafi þá eða síðar sérstaklega verið beiðst af hennar hálfu. Gagnvart áfrýjanda hélt hald ríkislögreglunnar á Keflavíkurlugvelli því áfram, eftir að þess var ekki lengur þörf, andstætt ákvæðum 82. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Lögmæt skilyrði brast því til haldsins eftir játningu áfrýjanda á broti sínu 17. ágúst 1995. Samkvæmt a-lið 176. gr. laga nr. 19/1991 á áfrýjandi rétt á bótum úr hendi stefnda, enda er skilyrðum 1. mgr. 175. gr. laganna fullnægt.

Áfrýjandi þurfti að leita til lögmans, sem aðstoðaði hann við að fá haldinu aflétt. Gerir áfrýjandi kröfu um að fá greiddan kostnað vegna þessa samkvæmt reikningi lögmansins, samtals 224.100 krónur. Verður sá kröfuliður tekinn til greina, sbr. 2. mgr. 175. gr. laga nr. 19/1991. Samkvæmt sama ákvæði verða áfrýjanda dæmdar miskabætur vegna óþæginda og röskunar, sem þykja hæfilega ákveðnar 50.000 krónur. Verður stefnda því gert að greiða áfrýjanda samtals 274.100 krónur með dráttarvöxtum, eins og krafist er.

Ekki er ástæða til að dæma stefnda til að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem renni í ríkissjóð vegna gjafsóknar áfrýjanda.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Stefndi, íslenska ríkið, greiði áfrýjanda, Robert Salas Roxas, 274.100 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. mars 1996 til greiðsludags.

Málskostnaður verður ekki dæmdur í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hans, Ólafs Sigurgeirssonar héraðsdómslögmanns, samtals 300.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 28. október 1996.

Mál þetta, sem upphaflega var dómtekið 21. júní sl., höfðaði Robert Salas Roxas, kt. 492-84-8193, Byggingu nr. 1231-1A, Keflavíkurflugvelli, á hendur íslenska ríkinu með þingfestingu málsins 7. mars sl. Málið var tekið upp að nýju og lögð fram í því gögn í dag, og fluttu lögmennt það síðan á nýjan leik, og var það að svo búnu dómtekið.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 724.100 kr. auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. mars 1996 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar [...].

Af hálfu stefnda er þess krafist aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að tildæmdur verði málskostnaður úr hans hendi samkvæmt mati réttarins.

Til vara er þess krafist, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og að málskostnaður verði í því tilviki látinn niður falla.

Málsatvik.

Málsatvik eru í stórum dráttum þau, að 15. ágúst 1995 tilkynnti starfsmaður Pósts og síma á Keflavíkurflugvelli ríkislögreglunni á Keflavíkurflugvelli um pakka, sem skoðaður hefði verið í tolli og reynst innihalda hljóðdeyfi fyrir skotvopn. Viðtakandi pakkans var stefnandi, sem er liðsmaður bandaríska varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, og var pakkinn sendur frá Finnlandi. Samkvæmt fylgiskjali með pakknum átti hann að innihalda varahlut í bifreið. Lagði lögreglan hald á pakkann. Hinn 17. ágúst s. á. voru teknar tvær lögregluskýrslur af stefnanda vegna máls þessa. Í hinni fyrri kvaðst stefnandi hafa pantað hljóðdeyfi á pústkerfi bifreiðar sinnar frá Finnlandi, en kvaðst ekki kannast við að hafa pantað hljóðdeyfi á skotvopn. Í seinni skýrslu viðurkendi stefnandi hins vegar að hafa pantað umræddan hljóðdeyfi frá Finnlandi á ríffil sinn, sem hann hafi ætlað að nota til refaveiða. Kvaðst stefnandi hafa skráð hljóðdeyfinn sem varahlut í bifreið, en ekki hljóðdeyfi fyrir skotvopn, þar sem hann hefði ekki vitað, hvort heimilt væri að nota hljóðdeyfi á byssur á Íslandi.

Samtímis hafði stefnandi heimilað herlögreglu varnarliðsins (Naval Investigate Service (NIS)) að gera húsleit á heimili sínu, og lagði lögreglan á Keflavíkurflugvelli þar hald á sex byssur í eigu stefnanda, sem allar voru skráðar, ásamt aukahlutum, byssuleyfi og veiðileyfiskorti stefnanda.

Með bréfi, dags. 23. ágúst 1995, til Héraðsdóms Reykjaness var þess krafist af hálfu stefnanda, að haldi yrði aflétt af ofangreindum munum í eigu stefnanda. Gekk úrskurður í málinu 8. september s. á., þar sem lögreglustjóranum á Keflavíkurflugvelli var gert að aflétta haldinu. Samkvæmt bréfi sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli, dags. 25. ágúst, höfðu skotvopnin þá þegar verið afhent herlögreglustjóra varnarliðsins til geymslu og meðferðar, þar eð haldlagning hefði ekki lengur verið nauðsynleg.

Að úrskurði Héraðsdóms Reykjaness gengnum var ákveðið, að stefnandi fengi skotvopn sín afhent 14. september, en áður hafði hann fengið í hendur byssuleyfi sitt og veiðikort. Skyldi afhending skotvopnanna fara fram í vopnabúri varnarliðsins. Er lögreglumaður sá, sem annaðist afhendinguna, bað stefnanda að kvitta fyrir móttöku á hinum haldlögðu skotvopnum, eftir að stefnandi hafði staðfest, að ekkert vantaði, neitaði stefnandi því, nema hann fengi byssurnar afhentar út í bifreið sína, sem stóð fyrir utan. Varð af þessu mikil rekistefna, sem endaði með því, að stefnandi og lögmaður hans hurfu af vettvangi án þess að veita hinum haldlögðu skotvopnum viðtöku.

Daginn eftir óskaði lögmaður stefnanda eftir, að reynt yrði öðru sinni að afhenda skotvopnin, en fór fram á, að það yrði gert á skrifstofu sýslumanns. Þeirri beiðni var hafnað, þar sem geymsla skotvopnanna á heimili stefnanda og einn ríffillinn, hálfsjálfvirkur, sem fannst við húsleitina, braut í bága við reglur varnarliðsins.

Af hálfu stefnanda var óskað eftir opinberri rannsókn á hinni ætluðu ólöglegu haldlagningu á munum stefnanda og málsmeðferð sýslumanns, en þeirri kröfu var hafnað af embætti ríkissaksóknara 16. nóvember 1995.

Hinn 29. desember 1995 gekk dómur í máli stefnanda í Héraðsdómi Reykjaness, þar sem stefnandi var sýknaður af ákæru um ólöglegan innflutning á hljóðdeyfi, en sakfelldur fyrir að hafa gefið upp rangar upplýsingar á tollskjöllum.

Með bréfi, dags. 2. febrúar 1996, hafnaði embætti ríkislögmans bótakröfu stefnanda vegna ætlaðrar ólögmatrar haldlagningar á munum í hans eigu.

Með bréfi, dags. 6. febrúar 1996, veitti dómsmálaráðherra stefnanda gjafsókn í máli þessu fyrir héraðsdómi.

Stefnandi fékk skotvopn sín afhent í byrjun júlímánaðar sl., og vegna þess óskaði talsmaður hans eftir því að breyta kröfugerð sinni.

Málsástæður og lagarök.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að umrædd haldlagning hafi verið ólögleg. Stefnandi hafi gefið herlögreglu varnarliðsins (NIS), en ekki íslensku lögreglunni húsleitarheimild, og hafi herlögreglunni einungis verið heimilt að leggja hald á hluti, sem þörf væri á vegna rannsóknar málsins. Þeir munir, sem hald hafi verið lagt á, hafi ekki haft sönnunargildi, að því er varðaði innflutning stefnanda á hljóðdeyfi á skotvopn. Munanna hafi ekki verið aflað á refsiverðan hátt, og ekki hafi verið líklegt, að þeir yrðu gerðir upptækir með dómi, enda hafi sú ekki orðið raunin.

Pá er því haldið fram af hálfu stefnanda, að afhending sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli á hinum haldlögðu munum til herlögreglu varnarliðsins, á meðan mál stefnanda var til meðferðar í Héraðsdómi Reykjaness, hafi verið ólögleg og einungis í þeim tilgangi gerð að meina stefnanda þá ætlan sína að ná eignum sínum með dómstólaleiðinni. Íslensk yfirvöld hafi átt fulla lögsögu í máli stefnanda um innflutning á áður nefndum hljóðdeyfi, sbr. l. nr. 110/1951, 2. gr., 4. t. l. a og b. Brot stefnanda hafi beinst gegn íslenskum tollyfirvöldum. Sú aðgerð sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli að afhenda herlögreglu varnarliðsins hina haldlögðu muni hafi orðið þess valdandi, að yfirboðarar hans hafi svipt hann skotvopnum sínum og stefnandi fengið skipun um að láta af skotveiðum. Það hafi valdið því, að stefnandi hafi misst algerlega af öllu skotveiðitímabilinu sl. vetur. Stefnandi unni skotveiðum mjög og hafi stundað þær í sex ár. Gerningur sýslumanns hafi því valdið stefnanda miska.

Pá er því haldið fram, að brotinn hafi verið réttur á stefnanda með því að skipa honum ekki réttargæslumann svo og með því að hraða ekki rannsókn og saksókn út af ætluðu broti hans, sbr. 2. gr., 9. t. l., varnarsamningsins.

Að því er lagarök varðar, vísar stefnandi til reglna íslensks skaðabótaréttar og reglna XXI. kafla laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sérstaklega 176. gr., a-liðar. Ákvæði 175. gr. sömu laga eigi ekki við, þar sem stefnandi hafi á engan hátt valdið haldlagningunni með vísitandi eða stórvægilegu, gáleysislegu og ólögmatu framferði. Að því er kröfu um miskabætur varðar, er vísað til 26. gr. laga nr. 50/1993. Þá er vísað til laga nr. 110/1951, 2. gr., 4. t. l. a og b, og 2. gr., 9. t. Dráttarvaxtakrafan er reist á vaxtalögum nr. 25/1987, III. kafla, og krafa um málskostnað á 130. gr. l. nr. 91/1991. Um virðisaukaskatt er vísað til l. nr. 50/1988. Stefnandi kveðst ekki vera virðisaukaskattsskyldur, og því beri sér nauðsyn til, að tekið verði tillit til skattsins við ákvörðun málskostnaðar.

Stefnandi sundurliðar stefnukröfu sína þannig:

Kostnaður vegna aðstoðar lögmanns við að fá hina haldlögðu muni afhenta, 34 klst./ kr. 5.000,	kr. 170.000
Virðisaukaskattur á lögmannsþóknun, 24,5%	– 41.650
Ferðakostnaður	– 12.450
Miskabætur	– 500.000

Stefndi kveður grundvallarskilyrðum bótaréttar eftir reglum XXI. kafla laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála lýst í 175. gr. þeirra. Af hálfu stefnda er bent á, að brot stefnanda gegn 1. mgr. 126. gr. tollalaga hafi valdið því, að við rannsókn þess hafi þurft að kanna vopnaeign stefnanda til að upplýsa um, á hvaða byssu hinn innflutti hljóðdeyfir var ætlaður. Upplýst sé, að stefnandi hafi torvelað rannsókn málsins í upphafi með ósannindum. Full ástæða hafi verið til að rannsaka vopnin, þegar fyrir lá rökstuddur grunur um, að stefnandi viðhefði blekkingar til að flytja til landsins varning tengdan skotvopnum. Með því að a-liður 1. mgr. 175. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð opinberra mála hafi sýnilega átt við, séu ekki skilyrði til greiðslu bóta úr ríkissjóði.

Þá komi skilyrði b-liðar 1. mgr. 175. gr. l. nr. 19/1991 ekki til greina. Annars vegar sé ljóst, að stefnandi hafi verið sakfelldur fyrir brot á 1. mgr. 126. gr. tollalaga, og hins vegar hafi hinn innflutti hljóðdeyfir verið gerður upp-tækur með dómi, sbr. dóm Héraðsdóms Reykjaness, upp kveðinn 29. desember 1995, í málinu nr. S-228/1995. Þá kveður stefndi hvergi að því vik-ið í fyrrnefndum úrskurði Héraðsdóms Reykjaness, að hin umdeilda hald-lagning hafi verið ólögleg. Á hinn bóginn hafi það verið niðurstaða dómara á grundvelli 82. gr. laga nr. 19/1991, að hin umrædda haldlagning væri þá ekki lengur nauðsynleg fyrir rannsókn á máli stefnanda. Stefndi vísar hér einnig til 1. töluliðar 8. gr. viðbætis við varnarsamning Íslands og Bandarík-janna, sbr. lög nr. 110/1951 um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess.

Stefndi kveður stefnanda hafa gerst sekan um brot á íslenskum lögum, og brot hans á reglum varnarliðsins um geymslu skotvopna og skotfæra í heimahúsi hafi einnig verið til rannsóknar. Sýslumanni hafi því verið rétt og skylt að afhenda viðkomandi stofnun varnarliðsins vopnin samkvæmt a-lið 7. tölul. 2. gr. viðbætis við varnarsamning Íslands og Bandaríkjanna, sbr. lög nr. 110/1951.

Með vísan til framangreinds hafi mátt einu gilda, á hvaða eyðublaði sam-þykki stefnanda fyrir húsleit og haldlagningu hafi legið fyrir. Samkvæmt lögregluskýrslu um haldlagninguna hafi húsleit verið gerð með samþykki stefnanda, sem engum mótmælum hafi haldið uppi gagnvart íslenskum lög-reglumanni, að því er varðaði haldlagningu.

Stefndi kveður stefnanda ekki geta ætlast til, að íslensk yfirvöld beri bótaábyrgð á því, ef upp komist um brot varnarliðsmanns gegn reglum varnarliðsins í tengslum við rannsókn á brotum hins sama gegn íslenskum lögum. Nægi að vísa til ákvæða viðbætis við fyrrnefndan varnarsamning, sbr. lög nr. 110/1951, einkum 2. og 7. tölul. 2. gr. svo og 9. gr. Uppljóstrun um ætluð brot stefnanda gegn reglum Bandaríkjahers hafi verið óhjákvæmileg við þessar aðstæður.

Samkvæmt lögregluskýrslum frá 17. ágúst 1995 hafi stefnandi ekki óskað eftir réttargæslumanni, en honum hafi verið það valfrjálst, sbr. e-lið 9. tölulíðar 2. gr. viðbætisins við fyrrnefndan varnarsamning. Engin skylda hafi verið að skipa stefnanda réttargæslumann, meðan hann óskaði ekki eftir því, sbr. 36. gr. laga nr. 19/1991. Þá sé ekkert fram komið um óeðlilegan drátt á rannsókn málsins eða að stefnanda hafi verið valdið tjóni vegna þess.

Stefndi vísar á bug kröfum stefnanda vegna fjártjóns á skotvopnum hans. Til hafi staðið 14. september 1995 að afhenda stefnanda alla þá muni, sem úrskurðað hafi verið um, að aflétta skyldi haldi á. Stefnandi hafi þekkt umræddar eigur sínar, og ágreiningslaust sé, að ekkert hafi þar vantað. Með því hafi úrskurði dómara endanlega verið fullnægt. Stefnandi hafi hins vegar neitað að taka eigur sínar og skilið þær eftir. Ekki verði séð, á hvaða grundvelli stefnandi geti átt kröfu á hendur stefnda fyrir ætlað fjártjón af þessum sökum. Þá sé ekki heldur neitt komið fram um, að stefnandi hafi verið sviptur eignarrétti að vopnum sínum.

Stefndi telur, að stefnandi hljóti við allar aðstæður að bera sjálfur kostnað af lögmannsþjónustu. Engin heimild sé í XXI. kafla laga nr. 19/1991 til að greiða kostnað af lögmannsþjónustu sem skaðabætur úr ríkissjóði. Lögmaður stefnanda hafi hvorki verið skipaður verjandi við rannsókn máls á grundvelli 1. mgr. 35. gr. laga nr. 19/1991, áður en til málshöfðunar kom, né tilnefndur sérstaklega til að vera réttargæslumaður samkvæmt 36. gr. sömu laga. Því hafi aðstoð lögmanns stefnanda verið á hans eigin kostnað. Stefndi vekur einnig athygli á því, að jafnt saksóknarlaun sem málsvarnaraun verjanda stefnanda hafi verið ákveðin í dómi héraðsdóms, upp kveðnum 29. desember 1995, í málinu nr. S-228/1995, svo sem þar greini. Ekki hafi verið krafist málskostnaðar, er stefnandi hafi leitað úrskurðar um, að haldi yrði aflétt. Stefndi byggir enn fremur á því, að ekki verði ráðið af dskj. nr. 25, að reikningur, að fjárhæð 224.100 kr., hafi verið greiddur af stefnanda. Um ætlað tjón að því leyti sé því ekki að ræða.

Stefndi telur bótarétt til handa stefnanda ekki koma til greina samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar, sbr. upphafsákvæði nefndrar 1. mgr.

175. gr. laga nr. 19/1991. Bætur verði ekki dæmdar nema að því leyti, sem ákvæði XXI. kafla laganna heimila.

Til stuðnings varakröfu um lækkun vísar stefndi á sömu sjónarmið og að framan eru rakin.

Til stuðnings kröfum um málskostnað vísar stefndi til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Niðurstæða.

Tílefni var til leitar á heimili stefnanda, sem hafði gefið rangar upplýsingar í skýrslu þeirri, er lögreglumenn tóku af honum vegna grunar um brot hans á tollalögum, með því að hann sagðist hafa verið að flytja varahluti í bifreið sína til landsins, en sendingin reyndist vera hljóðdeyfir á skotvopn. Stefnandi heimilaði húsleit á heimili sínu og í bifreið sinni, og þykir ekki sýnt fram á, að hún hafi verið gerð á óþarflega hættulegan, særandi eða móðgandi hátt. Ekki verður fallist á það með stefnanda, að umrædd haldlagning hafi verið ólögmat, með því að húsleitarheimild hefði einungis verið til handa NIS. Samkvæmt ákvæðum viðbætis við varnarsamning milli lýðveldisins Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess, sem veitt var lagagildi með lögum nr. 110/1951, er nán samvinna með íslenskri lögreglu og lögreglu varnarliðsins, en skv. 7. gr. a viðbætis um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra skulu íslensk og bandarísk stjórnvöld, er í hlut eiga, veita hvor öðrum aðstoð við nauðsynlega rannsókn á broti og saksókn gegn sökunaut, sé maður í liði Bandaríkjanna sóttur til sakar. Þegar litið er til þessa ákvæðis svo og b-liðar sömu greinar, þykir sýnt fram á, að lagastoð hafi verið fyrir því, að íslensk yfirvöld lögðu hald á umrædd skotvopn við húsleitina. Það, að við leitina kom í ljós, að stefnandi hafði á heimili sínu vopn og skotfæri, sem honum var ekki heimilt samkvæmt reglum varnarliðsins, hlaut að kalla á aðgerðir, og þegar litið er til sömu reglna og fram koma í áðurnefndum lagaákvæðum, þykir stefnandi ekki geta reist bótakröfur á því, að herlögreglu var afhentur hluti muna þeirra, sem hald var lagt á við húsleitina hjá stefnanda.

Svo sem áður greinir, var röng skýrslugjöf stefnanda tílefni þess, að leit fór fram í hífýlum hans, sem leiddi til haldlagningarinnar. Þá var stefnandi sakfelldur fyrir brot það, sem til rannsóknar var og varð tílefni húsleitarinnar, og umræddur hljóðdeyfir gerður upptækur.

Samkvæmt þessu er ekki sýnt fram á, að bótakrafa stefnanda eigi sér stoð í 176. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 175. gr. þeirra.

Þá þykir stefnandi ekki hafa sýnt fram á, að aðrar reglur leiði til bótaskyldu ríkissjóðs vegna umræddrar haldlagningar, og verður stefndi því sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Rétt þykir, að málskostnaður milli aðila falli niður.

Stefnandi hefur fengið gjafsókn í héraði, og skal allur gjafsóknarkostnaður hans í héraði greiddur úr ríkissjóði, þar með talinn kostnaður vegna túlks og málflutningslaun talsmanns hans, Ólafs Sigurgeirssonar hdl., sem ákveðast 200.000 krónur, og er þá ekki litið til reglna um virðisaukaskatt.

D ó m s o r ð:

Stefndi, ríkissjóður Íslands, skal sýkn af öllum kröfum stefnanda Roberts Salas Roxas.

Málskostnaður á milli aðila fellur niður.

Málskostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun talsmanns hans, Ólafs Sigurgeirssonar hdl., 200.000 krónur.
